

Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til LH fyrir starfsárið 2010 – 2011.

Í æskulýðsnefnd störfuðu á tímabilinu Dagbjört Helga Guðmundsdóttir, Baldur Guðmundsson, Alexandra Rut Kristinsdóttir og Katrín Hjálmarsdóttir.

Reiðnámskeið í febrúar: halda átti reiðnámskeið að Ingólfshvoli í febrúar fyrir alla aldurshópa og stóð til að hafa það á laugardögum. Námskeiðið var felld niður vegna lélegrar þátttöku.

Hestafjör á Hellu 10. apríl 2011.

Hestafjör er skemmtun þar sem krakkar frá hinum ýmsu hestamannafélögum skemmta sér og öðrum með allskyns atriðum. Ákveðið var að vera í samstarfi með hestamannafélaginu Háfeta í Þorlákshöfn og vera með sameiginlegt atriði. Þemað hjá okkur voru strumpanir og hét atriðið „strumpafjör“. Það voru sjö stelpur frá Ljúf og ein frá Háfeta sem tóku þátt í sýningunni og stóðu þær sig allar með mikilli þryði.



23. apríl var sýningin Ræktun 2011 í Ölfushöll

Þar komu fram Ölfusstrumpanir með atriðið sitt „strumpafjör“ sem þær voru með á Hestafjöri á Hellu.



Reiðnámskeið:

Eins og undanfarin ár var haldið reiðnámskeið í samstarfi við Hveragerðisbæ. Það er fyrir börn sem eru í skólaumhverfi Hveragerðis. Námskeiðið er haldið hjá Eldhestum og höfum við aðgang að hestum og reiðtygjum þar. Námskeiðið var í þrjár vikur og stóð frá lok maí til endan á júní. Kennt var í klukkutíma í senn í viku og voru þrír hópar á dag. 39 börn tóku þátt í námskeiðinu og kennarar voru Rosemarie Þorleifsdóttir og kenndi hún eina viku og Sissel Tveten kenndi tvær vikur. Þátttakendur fengu buff með merki félagsins að loknu námskeiði.



Haldið var haustnámskeið fyrir félagsbörn Ljúfs dagana 19.-23. September. Námskeiðið var haldið hjá Eldhestum og var sami háttur á og með fyrri námskeið. Þau börn sem vildu komu með eigin hesta. Kennt var í klukkutíma í senn í viku og voru tveir hópar. 11 börn tóku þátt í námskeiðinu og kennari var Hugrún Jóhannsdóttir.



Fyrir hönd æskulýðsnefndar Ljúfs,
Dagbjört Helga Guðmundsdóttir